



Viðstaddir

Páll B. Guðmundsson PBG SSH
Hildigunnur Hafsteinsdóttir HH SSH
Einar K. Stefánsson EKS VSÓ Ráðgjöf
Forfallaðir
Ómar Einarsson
Ásthildur Helgadóttir
Magnús Árnason
Rósa Steingrímsdóttir

10.08.2022

15239

Fundarritari

EKS / einar@vso.is

Tilfni

Verkefnahópur um uppbyggingu á Skíðasvæðunum

Fundur miðvikudaginn 10.08.2022 kl. 13.00.

1 Síðasta fundargerð

Fundargerðir 23.06.22 og 04.07.22 staðfestar.

2 Salerni Suðursvæði

Í kjölfar samþykkis stjórnar SSH var tilboði lögstjóðanda í salerni á Suðursvæði tekið. Verkefnið er í vinnslu.

3 Lyftur Bláfjöll

EKS gerði grein fyrir stöðu framkvæmda við Gosa og Drottningu. Almennt gengur verkið vel þrátt fyrir erfitt tíðafar - Drottning langt á undan áætlun, en Gosi um 2 vikum á eftir.

Upphafleg hönnun Doppelmayr á Drottningu leiddi til þess að neðsti hluti skíðaleiðar Drottningar þrengdist, neðsti hluti brettalyftu var í uppnámi o.fl. Að mati EKS og skíðasvæðanna var um að ræða mistök í hönnun sem nauðsynlegt var að lagfæra/breyta. Verkið var þá þegar hafið og borist hefur samantekt frá Doppelmayr á kostnaði vegna þessa – annars vegar hönnunarvinna og hins vegar vegna framkvæmda.

- ⇒ EKS hefur sent verkefnahóp upplýsingar um aðdraganda og samskipti vegna þessa máls.
- ⇒ Í framhaldi þess og í samráði við PBG hefur EKS sent Doppelmayr höfnun á þátttöku í kostnaði með þeim rökum að um hönnunarmistök hafi verið að ræða. Málið er enn í vinnslu.

Doppelmayr/ÍAV hafa sent inn minnisblað þar sem reifuð eru rök fyrir boðaðri kröfu um bætur/greiðslur vegna ófyrirséðra verðhækkana á innlenda hluta verkefnisins.

- ⇒ EKS hefur sent verkefnahóp upplýsingar um aðdraganda og samskipti vegna þessa máls.
- ⇒ Í samráði við PBG og lögfræðing Innkaupaskrifstofu Rvk hefur EKS afhent minnisblað þar sem rökunum er hafnað. Málið er enn í vinnslu.

Óformlega hefur Doppelmayr boðað þær jákvæðu fréttir að líklega sé unnt að afhenda Drottningu fullbúna til rekstar í byrjun næsta árs. Jafnframt að farið verði fram breytingar á greiðsluáætlun þ.a. samningurinn verði gerður upp fyrr, auk þess sem óskað verði eftir flýtifé/bónus.

- ⇒ Doppelmayr mun senda nánari upplýsingar og óskir/kröfur síðar.

PBG mun upplýsa stjórn SSH um ofangreind mál á næsta fundi.

Umræðu um hliðarverkefni lyfta frestað til næsta fundar.

4 Gönguskíðasvæði Bláfjöll

Málið í heild og uppbyggingaráform er í ferli hjá samráðsnefnd.

EKS upplýsti að UST hefur gefið leyfi fyrir snjógirðingum.

5 Skálafell

Fyrirspurn matsskyldu fór inn til Skipulagsstofnunar í lok júní. Ákvörðun Skipulagsstofnunar er áætluð 1. september.

Vinna við innviðagreiningu hefst fljótlega.

6 Snjóframleiðsla 1 áfangi

Í kjölfar samþykktar stjórnar SSH var útboð á borun eftir framleiðsluvatni auglýst í júní. Kostnaðaráætlun var 93.5 m.kr. Tilboð voru opnuð þann 03.08 og barst eitt tilboð að upphæð 97.7 m.kr frá Ræktunarsambandi Flóa og Skeiða.

⇒ EKS er falið að yfirfara tilboðið í samráði við Innkaupaskrifstofu Reykjavíkur.

Tilboð í snjóframleiðslukerfi verða opnuð í okóber. Borist hafa nokkrar fyrirspurnir sem hefur verið svarað.

7 Næsti fundur

Næsti fundur verður boðaður síðar.

Einar K. Stefánsson

Dreifing: Fundarmenn